



Stjórnkerfis- og lýðræðisráð
Ráðhús Reykjavíkur

Efni: Málþing ungmenna

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 11. maí sl. var lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 24. febrúar 2016, um tillögu Reykjavíkurráðs ungmenna um regluleg málþing um málefni ungmenna. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. maí 2016, varðandi tillöguna. Ágúst Beinteinn Árnason, ungmennaráði Vesturbæjar, kynnti og svaraði fyrirspurnum.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga Ágúst Beinteins Árnasonar frá ungmennaráði Vesturbæjar:

Ungmennaráð Vesturbæjar leggur til að Reykjavíkurborg haldi regluleg málþing ungmenna um málefni sem snerta þau, þar sem fyrsta málþing verði haldið ekki síðar en að vori árið 2017.

Greinargerð fylgir.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir tillögu Ágúst Beinteins Árnasonar, fulltrúa í Ungmennaráði Vesturbæjar, um að Reykjavíkurborg haldi regluleg málþing ungmenna um málefni, sem snerta þau. Gert skal ráð fyrir því að fyrsta málþing verði haldið ekki síðar en vorið 2017 og fundarefni valið í samvinnu við Reykjavíkurráð ungmenna.

Tillagan var felld með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna gegn tveim atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina situr hjá við afgreiðslu málsins.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:


Skóla- og frístundaráð samþykkir að senda tillöguna til umsagnar í stjórnkerfis- og lýðræðisráði og forsætisnefnd. Jafnframt er samþykkt að vísa tillögunni til umsagnar í starfshópi sem fjallar um aukið lýðræði í skóla- og frístundastarfi. Óskað er eftir að niðurstaðan liggi fyrir eigi síðar en 1. júní 2016.

Samþykkt með fimm atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Framsóknar og flugvallarvina. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Skóla- og frístundaráðs samþykkti tillögu um að óska eftir umsögn stjórnkerfis- og lýðræðisráðs um tillöguna.

Hér með er tillögunni komið á framfæri og óskað er eftir að umsögn berist skóla- og frístundarasviði eigi síðar en 31. maí 2016.

Virðingarfyllt



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 24. febrúar 2016

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 6. maí 2016



Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 24. febrúar 2016
R15110102
3540
HBL/újb

Skóla- og frístundaráð

Borgartúni 12 - 14
105 REYKJAVÍK

Tillaga um regluleg málþing um málefni ungmenna


Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 23. febrúar 2016 var lögð fram svohljóðandi tillaga Ágústs Beinteins Árnasonar Waage frá ungmennaráði Vesturbæjar:

Ungmennaráð Vesturbæjar leggur til að Reykjavíkurborg haldi regluleg málþing ungmenna um málefni sem snerta þau, þar sem fyrsta málþing verði haldið ekki síðar en að vori árið 2017.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Borgarstjórn samþykkti að vísa tillögunni til meðferðar skóla- og frístundaráðs sem leita skal umsagna stjórnkerfis- og lýðræðisráðs og forsætisnefndar.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavíkurráð ungmenna og Borgarstjórn Reykjavíkur
23. febrúar 2016

Ágúst Beinteinn Árnason, fulltrúi í Ungmennaráði Vesturbæjar

Tillaga

Ungmennaráð Vesturbæjar leggur til að Reykjavíkurborg haldi regluleg málþing ungmenna um málefni sem snerta þau, þar sem fyrsta málþing verði haldið ekki síðar en að vori árið 2017.

Greinargerð

Vorið 2016 ætlar ungmennaráð Vesturbæjar að halda málþing fyrir ungmenni um upplifun kvenna af mismunandi starfssviðum. Ungmennaráðið leggur til að þetta málþing gæti orðið einskonar fyrirmynd að framtíðar málþingum borgarinnar. Við í ungmennaráðinu teljum það mjög mikilvægt að unglingar á okkar aldri fái tækifæri til að ræða málefni sem þau snerta á opinberum og vel skipulögðum vettvangi.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 6. maí 2016
SFS2016040107
98. fundur / fskj. 2
HG/sp

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu fulltrúa Reykjavíkurráðs ungmenna, um regluleg málþing ungmenna.

Fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna Ágúst Beinteinn Árnason Waage, Ungmennaráði Vesturbæjar, flutti tillögu á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna 23. febrúar 2016 um regluleg málþing ungmenna.

Tillaga Reykjavíkurráðs ungmenna er að Reykjavíkurborg haldi regluleg málþing ungmenna um málefni sem snerta þau, þar sem fyrsta málþing verði haldið ekki síðar en að vori árið 2017.

Skóla- og frístundasvið hefur stutt við Reykjavíkurráð ungmenna og ungmennaráð hverfanna frá stofnun þeirra. Haldnir hafa verið árlega sameiginlegir fundir borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna. Vorið 2016 var haldinn stórfundur með unglingum í Breiðholti og nýttist lærdómur af þeim fundi til framkvæmdar á stórfundi/ungmennanþingi sem haldinn var í tengslum við stefnumótun í frístundapjónustu Reykjavíkurborgar. Sá fundur var haldinn 18. nóvember 2016. Allar upplýsingar um ungmennanþingið er að finna í samantekt sem finna má á vefnum [hér](#) og tengill á [myndband](#) frá fundinum.

Ungmennaráð Vesturbæjar hélt stórfund um upplifun kvenna af mismunandi starfssviðum og var hann haldinn 22. apríl 2016, voru niðurstöður hans kynntar á Höfuð í bleyti, ráðstefnu frístundamiðstöðva föstudaginn 29. apríl 2016 og hægt er að nýta reynsluna við þróun slíkra ungmennanþinga.

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 28. október 2015, var samþykkt að setja á fót starfshóp um aukið lýðræði í skóla- og frístundastarfi og er hlutverk hans að finna leiðir til að auka lýðræði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar m.a. með því að skoða þær leiðir sem nú þegar eru farnar í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar. Einnig á hann að skoða hvað er að gerast hjá öðrum þjóðum hvað þetta varðar auk þess sem vel er gert innanlands, sérstaklega verði skoðaðar hugmyndir um umboðsmann ungmenna og ungmennanþing. Starfshópurinn á að setja fram stefnu um aukið lýðræði í öllu starfi á vegum SFS og leggja fram aðgerðaráætlun með stefnunni.

Í Lundi í Svíþjóð er búið að halda yfir 50 ungmennanþing sl. ár þar sem ungmennin sjálf eru mjög virkir þátttakendur í öllum undirbúningi og framkvæmd. Þar starfa svokallaðir

umboðsmenn ungmenna (s. ungdomsombuden) – nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu verkefnisins í Lundi. Fyrirhugað er að hópurinn sem undirbjó ungmennanæging/stórfund í ráðhúsinu í nóvember 2015 fari til Lundar í haust til að kynna sér fyrirkomulagið þar. Verkefnisstjóri á fagskrifstofu frístundahluta fór á ungmennanæging í Lundi í byrjun maí til að fylgjast með ungmennanægingi, fyrirkomulagi og skipulagi þess.

Mikilvægt er að vinna að útfærslu á þessari tillögu í samvinnu við ungmennaráðin í borginni og Reykjavíkurráð ungmenna og tryggja virka þátttöku þeirra í undirbúningi og framkvæmd slíkra ungmennanæginga framtíðarinnar.